# Gleðileg jól

og farsælt og gæfuríkt komandi ár.
Þökkum samstöðuna og baráttuandann
á árinu sem er að líða.

Landssamband lögreglumanna






- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
3. tbl. - 2011

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
3. tölublað - 27. árgangur 2011 - 72. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



**Starfsmenn LL:**

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
sérfræðingur

Próförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

**Netfang ll@bsrb.is**

**www.ll.bsrb.is**












## Efnisyfirlit...

| | |
|---|---|
| Að vopnast eða vopnast ekki | 4 |
| Samkomulag starfshóps | 10 |
| Hópefling lögreglukvenna | 12 |
| Valdbeiting | 14 |
| Handtökutækni séð með augum Norðmanna | 21 |
| Fréttir úr starfi tengslanets lögreglukvenna | 26 |
| STALL, Starfsmenntunarsjóður | 33 |
| Íþróttir | 34 |

# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Tölur!

***Undanfarin ár hafa verið mörkuð tölum í hinum ólíklegustu myndum. Þannig hefur Landssamband lögreglumanna (LL) t.a.m. fjórum sinnum frá því október 2008 staðið í kjaraviðræðum. Í tveimur þessara tilvika enduðu viðræðurnar fyrir gerðardómi. Í öllum þessara tilvika hafa lögreglumenn verið mjög óánægðir með sinn hlut en setið á sér vegna „ástandsins í þjóðfélaginu". Á sama tíma hafa lögreglumenn horft upp á það að verið er að hækka laun og þóknanir fyrir hin ýmsu störf á vegum hins opinbera m.a. með tilvísanir í „álag", „aukin verkefni", „skert frelsi til að afla tekna með aukavinnu hjá þriðja aðila" o.fl. í þeim dúr.***



*Á sama tímabili hefur í tvígang verið lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögreglulögum. Breytingar sem miða að því að „hagræða", „endurskipuleggja" og „breyta til að bæta". Sé horft til áramótanna 2006 og 2007 eru breytingar og yfirvofandi breytingar þrennar. Rétt eins og það álag sem lögreglumenn standa frammi fyrir á degi hverjum í sínu daglega starfi sé ekki nóg finnst ríkisvaldinu rétt að krydda álagið örlítið meira með því að halda heilli starfsstétt á nálum með endalausum hugmyndum um skipulagsbreytingar. Skipulagsbreytingar sem miða m.a. að því að fækka störfum lögreglumanna og þar með skerða afkomumöguleika þeirra. Skipulagsbreytingar án þess að fyrir liggi grunnskilgreiningar! Núna loksins hefur litið ljós á Alþingi tillaga til þingsályktunar um grunnskilgreiningar löggæslu í þá veru sem LL hefur verið að tala fyrir í áraraðir þ.e. að:*

- *Skilgreina öryggisstig á Íslandi.*
- *Skilgreina þjónustustig lögreglu.*
- *Meta mannaflaþörf lögreglu.*
- *Áætla fjárveitingar til lögreglu.*

*Það er vonandi að þessi þingsályktunartillaga nái fram að ganga og rétt í því sambandi, að horfa einnig til framlagðrar þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um mörkun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Það er enda ljóst að engum öðrum er til að dreifa, er kemur að öryggi lands og þjóðar, en lögreglu!*

*Á þessum sömu árum hefur starfandi lögreglumönnum í landinu fækkað um sextíu (60) en það gerir um 8% fækkun lögreglumanna. Verkefnum lögreglu hefur hins vegar fjölgað – aukið er við hraða „færibandsins" – „skóflan er stækkuð". Á sama tíma hafa verkefni lögreglu orðið flóknari. Rannsóknir stærri og viðameiri. Skipulögð glæpastarfsemi farin að festa hér rætur svo um munar. Skotárásir í miðri höfuðborginni. Haldlagning stórra vopnasafna. Fíkniefni innflutt hingað og framleidd hér á landi. Mansal, vændi og svo mætti lengi halda áfram. Ofan í allt þetta standa lögreglumenn frammi fyrir því að fá á sig lögsóknir vegna meintra brota í starfi og í kjölfarið dregnir fyrir dómstóla fyrir að sinna engu öðru en vinnunni sinni daga og nætur allan ársins hring.*

*Á þessum sömu árum hefur akstur ökutækja lögreglu dregist verulega saman vegna skertra fjárheimilda. Hjá einstaka lögregluembættum nemur þessi samdráttur tæpum 50% en þegar á heildina litið tæpum 30%!*

*Það sér það hver einasti hugsandi maður sem les það sem hér er skrifað að ofan og varðar tölulegar upplýsingar um löggæslu hér á landi að þessar tölur eru ekki til þess fallnar að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa þetta land!*



# Að vopnast eða vopnast ekki

## - skotvopnanotkun lögreglu á Íslandi

G. Jökull Gíslason



*G. Jökull Gíslason*

**Nýlega hefur komið upp alvarleg umræða um vopnanotkun lögreglu og hvort hún sé orðin nauðsyn eða hvort hún sé ótímabær. Umræðan einkennist að miklu leyti af óskhyggju eins og viðhorfið „Ég vil ekki lifa í slíku samfélagi“ ber með sér. Í þessari grein ætla ég að taka saman nokkrar staðreyndir um málið og leiðrétta ýmsar mýtur sem lifa góðu lífi en skekkja heildarmyndina.**

Á rétt rúmu ári hafa nokkur atvik hleypt þessari umræðu af stað og ég ætla að leyfa mér að fara hratt yfir þau. Í tveimur tilvikum hér í Reykjavík hefur verið hleypt af skotvopnum í tengslum við meintar handrukkanir. Í báðum tilvikum ræðst hópur manna inn á heimili annarra og notar haglabyssur til þess að auka á hræðslu og hleypir af þeim. Þá var framið vopnað rán í skartgripavöruverslun á Laugavegi og þó að þar hafi verið um eftirlíkingar að ræða er þeim beitt eins og um raunveruleg skotvopn sé að ræða og ógerningur fyrir þá sem fyrir þeirri árás verða að gera nokkurn greinarmun á. Langalvarlegasta atvikið eru fjöldamorðin í Útey í Noregi sem kostuðu 69 manns lífið. En ef við förum aftar í tíma eru til fleiri alvarleg atvik sem íslensk lögregla hefur þurft að bregðast við þar sem skotvopn koma við sögu eins og málið þar sem ungmenni komst yfir skammbyssu föður síns og hleypti af. Síðla árs 2009 varði ég 9 vikum með lögreglunni í Kaupmannahöfn og á þeim 63 dögum sem ég var úti áttu sér stað 30 skotárásir í Danmörku. Þannig að hvort heldur sem við viljum eða viljum ekki búa í vopnlausu samfélagi er þetta ekki atriði sem við fáum að kjósa um eða tekur tillit til óska okkar. Þetta gerist og reynsla nágrannaþjóða okkar sýnir að þegar það byrjar þá gerist það nokkuð hratt.




*Haldlögð skotvopn frá undirheimum Danmörku*

### *Fyrsta mýtan: „Ísland er vopnlaust land“*

Þessi fullyrðing er svo alröng að það er barnaleikur að hrekja hana. Skotvopnaeign landsmanna skiptir tugum þúsunda og þá eru aðeins talin upp löglega skráð vopn. Mestmegnis eru þetta haglabyssur og riflar en það eru einmitt þau vopn sem líklegast er að verði beitt. Í báðum tilvikum sem nefnd voru að ofan þar sem hleypt var af vopni í ofbeldisfullum tilgangi hér nýlega var haglabyssa notuð og í árásinni í Útey notaði Breivik veiðiriffil sem hann fékk löglega í Noregi. Þess utan er til fjöldi af skammbyssum í einkaeign og vopnum er oft stolið í innbrotum og eru eftirsótt í undirheimum.

aktu taktu
BLUE LAGOON ICELAND
Arion banki
P BÍLASTÆÐASJÓÐUR


Byssa Breivik, veiðiriffill

### *Önnur mýtan: „Ísland á að líta til nágrannaþjóða okkar þar sem lögregla er vopnlaus“*

Þessi orð lét innanríkisráðherra falla í nýlegu útvarpsviðtali og vísaði þá til Englands og Norðurlanda. Hvað Norðurlönd varðar bendi ég honum og öðrum sem hafa sömu hugmyndir að skoða sig vel um í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi og Svíþjóð en í öllum þessum löndum ganga allir lögreglumenn með skammbyssur. Í Noregi og Englandi er það rétt að lögreglumenn ganga ekki með vopn á sér að staðaldri en í báðum löndum getur stór hluti lögreglumanna vopnbúist með mjög stuttum fyrirvara og stöðugt er algengara að sjá vopnaða lögreglumenn á ferð, sérstaklega á Englandi og þegar hættuástand ríkir, eins og við hryðjuverk eða skotárásir, eru lögreglumenn beggja landa vopnaðir skotvopnum.

### *Þriðja mýtan: „Þar sem lögreglan vopnast fylgja afbrotamenn og vopnast enn frekar“*

Þetta er lífseig mýta og ég veit ekki hvers vegna því ég hef aldrei séð rök sem styðja hana að neinu leyti. Því er í raun þveröfugt farið, lögregla sem er íhaldssöm stofnun í eðli sínu hefur sögulega vígbúist til að bregðast við harðnandi samfélagi.

Danmörk 1965, eftir að tveir óvopnaðir lögreglumenn eru skotnir til bana af vopnuðum bankaræningja, vígbýst danska lögreglan svo til á einni nóttu. Á árunum 1996-2006 drap danska lögreglan 11 manns við skyldustörf en á sama tíma beitti lögreglan skotvopnum í 60 tilvikum.

**FBI Miami shootout 1986,** skotbardagi þar sem FBI-fulltrúar börðust gegn tveimur mönnum sem þeir höfðu grunaða um nokkur morð og rán. Í skotbardaganum létust báðir glæpamennirnir og tveir FBI-fulltrúar. Það var harðlega gagnrýnt að glæpamennirnir höfðu barist áfram eftir að hafa verið hæfðir með 9 mm skotum sem dugðu ekki til þess að fella þá. Þetta varð til þess að löggæslulið í Bandaríkjunum fóru að skipta út í þyngri skotfæri.

**North Hollywood shootout 1997.** Í því máli rændu Larry Phillips og Emil Matasareanu banka og voru vopnaðir rúmenskum AIM og AK-47 herriflum og voru í líkamsbrynju. Bandarískir lögreglumenn, sem voru vopnaðir eingöngu skammbyssum og haglabyssum, komust aldrei í færi til að beita vopnum sínum almennilega þar sem drægni og nákvæmni herrifla er mun meiri og þau skot sem hæfðu ræningjana komust ekki í gegnum brynvörn þeirra. Þetta atvik varð til þess að lögregla í Bandaríkjunum hefur nú yfirleitt riffla í bílum sínum til að mæta sambærilegum atvikum.



Lögregla í London

Reglan er að glæpamenn vígbúast og lögregla fylgir en ekki öfugt. Það er líka þekkt að glæpamenn líta almennt ekki á lögreglu sem sinn erkióvin heldur aðra glæpamenn eins og sést vel ef gengjastríðin í Danmörku eru krufin en þar eiga átök sér að mestu stað á milli ólíkra glæpahópa og sömu sögu er að segja nær alls staðar annars staðar í heiminum þar sem gildi réttarríkisins eru viðhöfð.

### *Fjórða mýtan: „Flestir lögreglumenn í Bandaríkjunum eru drepnir með eigin vopni“*

Þetta er önnur langlíf mýta og vinsæl í spurningaleikjum. Hún er röng. Í grein Philip F. Lee um dauðsföll við skyldustörf í lögreglunni í Maryland-ríki í Bandaríkjunum tekur Lee saman 30 ára tímabil og ber saman Bandaríkin öll. Í þessari rannsókn kemst hann að því að innan við 10% þeirra lögreglumanna sem voru drepnir með skotvopni voru drepnir með þeirra eigin vopni (eftir átök þar sem árásarmaðurinn/mennirnir ná skotvopni lögreglumannsins). Hér ber að skoða að það er algengt í Bandaríkjunum að menn séu að vinna einir við skyldustörf og það býður hættunni heim. Það er eitt sem Lee skoðar hins vegar ekki sérstaklega og það er há tíðni sjálfsvíga meðal lögreglumanna. Í Bandaríkjunum er sjálfsvígstíðni lögreglumanna 17 af 100.000 lögreglumönnum á ári

*Reglan er að glæpamenn vígbúast og lögregla fylgir en ekki öfugt. Það er líka þekkt að glæpamenn líta almennt ekki á lögreglu sem sinn erkióvin heldur aðra glæpamenn.*

IH ICELANDAIRHOTELS
ARK ÖRYGGISKERFI
BÓNUS
112 EINN EINN TVEIR



*Skotæfing í Danmörku*

en landsmeðaltalið er 11,3 af 100.000 íbúum. Það er ekki ólíklegt að hátt hlutfall þeirra manna skjóti sig með eigin vopni og ef við bætum inn hugsanlegum æfingaslysum kann að vera að fullyrðingin „Flestir lögreglumenn í Bandaríkjunum falla fyrir eigin vopni“ sé rétt. Það ber að nefna að kannanir á sjálfsvígum lögreglumanna hér á landi sýna fylgni á milli þessara talna og Bandaríkjanna en það er efni í aðra grein.

*Lögreglumenn á Íslandi eru langflestir mjög meðvitaðir um þá yfirvofandi hættu að einhver úr okkar röðum verði drepinn við skyldustörf en það á heldur ekki eftir að fara vel fyrir þeim sem fyrstur verður til þess að drepa mann við skyldustörf.*

### *Um vopnanotkun lögreglu á Íslandi*

Hvað er þá verið að tala um varðandi skotvopnanotkun lögreglu á Íslandi? Sérsveit ríkislögreglustjóra var fyrst stofnuð 1982 þannig að til eru lögreglumenn sem nú þegar hafa aðgang að skotvopnum, ganga ekki með þau á sér við dagleg skyldustörf en geta vopnbúist með stuttum fyrirvara. Spurningin er hvort það sé nóg. Sérsveitin starfar aðeins á suðvesturhorni Íslands og á Akureyri en mörg byggðarlög eru talsvert frá þessum þéttbýliskjörnum en hitt er líka atriði að sérsveitin er fámenn og þó að hún hafi hlotið mikla þjálfun til að eiga við ákveðin verkefni er hún ekki alls staðar og það tekur tíma að kalla hana alla út. Það sem margir lögreglumenn aðhyllast og þá sérstaklega þeir sem eru útvinnandi er að lögreglumenn fái að geyma vopn í læstum hirslum í lögreglubílum þannig að þau séu til taks ef á þurfi að halda og að lögreglumenn geti á stuttum tíma vopnast til að mæta yfirstandandi hættu sem krefst aukins vígbúnaðar. Það er mjög líkt því sem bæði Norðmenn og Bretar gera nú þegar.



*Ajmal Kasab – eini árásarmaðurinn sem náðist lifandi í Mumbay*

Nokkur embætti hafa nú í gegnum árin þjálfað hluta af lögreglumönnum til þess að nota skotvopn en þessi þjálfun er ekki almenn eða fullkomin en hún dugir vel til að kynna menn fyrir skotvopnum. Þetta kann að kalla fram neikvætt viðhorf margra en lögreglan á Íslandi hafði þjálfað mannfjöldastjórnunarhópa (óeirðalögreglu) frá árinu 2001 og við getum þakkað slíkri forsjálni þegar óeirðir brutust út 2008-2009 að lögregla var jafnvel tilbúin að takast á við þá tíma og raun bar vitni. Hver hefði trúað því 2001 að atvik ættu eftir að eiga sér stað sem höfðu ekki gerst á Íslandi síðan 1949?

Það er hins vegar ekki erfitt að sjá fyrir að sá tími muni koma og það í nálægri framtíð að það þurfi að vopna lögreglu með stuttum fyrirvara. Vopnuð rán og skotárásir eru nú þegar komin og líklegt að sú þróun haldi áfram. Ráðamenn Íslands hafa líka verið duglegri við að lýsa yfir stuðningi við stríð m.a. í gegnum NATO og í heimi hryðjuverka er Ísland það sem flokkast sem „soft target“, það er að hér er mjög auðvelt að hrinda í framkvæmd hryðjuverkaárás. Svo ég vitni aftur til veru minnar í Danmörku var ég tvær vikur með beredskabssektion (viðbúnaðar- og aðgerðardeild) og þeir óttuðust mjög Low-profile-árás eins og Mumbai 2008 árásirnar sem krefjast lítils undirbúnings og áhættu miðað við flóknar árásir eins og flugrán en árás Breivik á Útey er nákvæmlega í flokki þessarar tegundar árásar.

En áður en við förum fram úr okkur í þessum vangaveltum er rétt að benda á að vinnuumhverfi lögreglumanna þarf að tryggja. Nýlega var lögreglumaður sakfelldur í héraðsdómi fyrir að hafa verið valdur að því í umferðarslysi að fótbrjóta mann eftir langa eftirför. Eftirfarir eru nokkuð tíðar á Íslandi, jafnvel nokkrar á dag, og það segir mjög mikið um fagmennsku lögreglunnar að það skuli ekki oftar verða slys undir þessum kringumstæðum. Ég veit ekki hvort héraðsdómur hafi verið með þessu að senda skilaboð til lögreglumanna, um að þeir eigi einfaldlega að láta alla sem ekki vilja stoppa, sleppa eða bjóða upp á ómöguleika eins og að allir sem reyna að stinga lögreglu af eigi áður en þeir geri það að skrifa undir skjal þess efnis að þeir geri sér grein fyrir þeirri hættu sem athöfn þeirra, lögbrjótsins, hafi í för með sér og þeir fríi lögreglu skaðabótaábyrgð ef eitthvað fer á aðra leið en þeir ætluðu!

### *Vei þeim lögreglumanni sem fyrstur drepur mann á Íslandi*

Lögreglumenn á Íslandi eru langflestir mjög meðvitaðir um þá yfirvofandi hættu að einhver úr okkar röðum verði drepinn við skyldustörf en það á heldur ekki eftir að fara vel fyrir þeim sem fyrstur verður til þess að drepa mann við skyldustörf. Hér er saga sem ég heyrði frá Íslendingi sem er búsettur í Austurríki. Hann sagði mér frá ráni sem átti sér stað fyrir nokkrum árum í Austurríki þar sem maður rændi


Haldlögð vopn úr undirheimum Íslands

banka með eftirlíkingu af byssu og þegar hann kom út úr bankanum mætti hann tveimur vopnuðum lögreglumönnum sem umsvifalaust skutu hann til bana enda gátu þeir ekki séð að vopn hans væri eftirlíking og hefði hann verið með alvöru skotvopn hefði ræninginn auðveldlega getað skotið þá eða einhven saklausan borgara ef þeir hefðu ekki brugðist strax við. Það sem þessi Íslendingur var svo ánægður með var að almenningsumræða og fjölmiðlaumræða í Austurríki studdi við lögreglumennina. Fólk og fjölmiðlar gerðu sér grein fyrir því að lögreglumennirnir höfðu brugðist rétt við miðað við aðstæður og svo var ræninginn í raun sekur um að valda atburðarásinni með því að ræna bankann.

Hvað heldur þú ágæti lesandi að myndi gerast ef íslenskur lögreglumaður skyti bankaræningja vopnaðan leikfangabyssu?

Miðað við dóminn hér að ofan yrði hann í mikilli hættu á að vera dæmdur og þyrfti jafnvel að flytja af landi brott því það þyrfti veigamikla viðhorfsbreytingu til að honum yrði rótt hér á landi. Að vísu tel ég að flestir Íslendingar séu færir um að skilja þessa hluti í réttu samhengi og lögreglan nýtur vaxandi skilnings hjá mörgum fréttamönnum en umræðan hér á landi verður strax svo lituð af háværum minnihlutahóp sem á það til að fara mikinn og því að fjölmiðlar hér á landi eiga til að blása upp mál úr samhengi til að gera fréttir stærri í stað þess að framreiða fréttir á yfirvegaðan máta. Hafi einhver efasemdir um þetta atriði hvet ég viðkomandi til að skoða hvað Íslendingar eru tilbúnir að láta frá sér á hinum ýmsu bloggmiðlum.

### *Um vopnanotkun*

Nú er ég einn þeirra sem fer með þjálfun lögreglumanna í notkun skammbyssu og ég hef verið að velta því mikið fyrir mér hvort við séum ekki á villigötum í vali á vopni. Skammbyssa er á ensku oft kölluð sidearm eða hliðarvopn og vísar til þess að hún er bæði vopn sem borið er á hlið líkamans og þess að hún er aukavopn eða ekki aðalvopn. Helsti ókostur hennar er að hún er líka skammdræg. Skot hennar eru hættuleg á löngu færi en sá sem skýtur er ólíklegur til að hitta mikið yfir 10 til 15 metra og undir álagi hefur verið sýnt fram á að æskileg fjarlægð við beitingu á skammbyssu er á bilinu 3 til 7 metrar. Skammbyssa væri því lélegt vopn til að eiga við brjálaðan byssumann sem væri vopnaður riffli.

Haglabyssa hefur nokkra kosti í för með sér fram yfir skammbyssu. Það er mjög auðvelt að þjálfa menn í beitingu hennar. Hún hefur aðeins lengra raunhæft drægi, skot hennar missa kraft hratt og hún er mjög sýnileg. Síðasta atriði er afar mikilvægt þar sem ef til þess kemur að lögregla þurfi að beita skotvopnum, til að mynda við lokanir á vettvangi þar sem framið hefur verið vopnað rán, eru það skýr skilaboð til ræningja

*Nýlega var lögreglumaður sakfelldur í héraðsdómi fyrir að hafa verið valdur að því í umferðarslysi að fótbrjóta mann eftir langa eftirför. Eftirfarir eru nokkuð tíðar á Íslandi, jafnvel nokkrar á dag, og það segir mjög mikið um fagmennsku lögreglunnar að það skuli ekki oftar verða slys undir þessum kringumstæðum.*



Taser X26

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

AB Varahlutir ehf.
AH Lögmenn ehf.
Alefli ehf. -
Byggingaverktakar
Alhliða pípulagnir
Allrahanda ehf.
Allt fínt ehf.
Antikmunir
Arctic rafting ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Arkís ehf. - Arkitektar
Asía ehf.
Auglýsingastofan
ENNEMM ehf.
Austur Indíafélagið
Árbæjarapótek ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Ásfell ehf.
B.B. Bílasalan ehf.
Bako Ísbert ehf.
Barnaverndarstofa
Barónspöbb ehf.
Bernhöftsbakarí ehf.
Beyki ehf.
Bifreiðabyggingar sf.
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðastjórafélagið Frami
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Bílahöllin - Bílaryðvörn hf.
Bílaleigan AKA ehf.
Bílalíf, bílasala
Bílamálun Sigursveins
Sigurðssonar
Bílfang ehf
Blaðamannafélag
Íslands
Bláfugl ehf.
Blikksmiðurinn hf.
Blómastofa Friðfinnss
Blómatorgið
Borgarpylsur
Bókhaldsþjónusta Arnar
Ingólfssonar ehf
Bólstrarinn
Bólstrunin Miðstræti 5
Bón-Fús
BSRB
Búr ehf.
Byggingafélag Gylfa og
Gunnars hf.
Cafe konditori
Danica sjávarafurðir ehf.
Dentalstál ehf.
Diantina ehf.
Dvalar og hjúkrunarheimilið
Grund
Dýraspítalinn í Víðidal ehf.
E. Sigurjónsson
lögmannsstofa ehf
E.F. Ben ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Perlan ehf
Egill Árnason ehf
Eico ehf.
Eignamiðlunin ehf.
Ellen Ingvadóttir lögg.
dómtúlkur og skjalþýðandi
Erluís
Ernst & Young
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Fatahreinsunin Snögg
Faxaflóahafnir
Ferðamálastofa Íslands
Ferðaskrifstofan Vita ehf.
Félag iðn-og tæknigreina
Félag íslenskra
bifreiðaeigenda
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.
Fjallamenn ehf.
Forum Lögmenn
Fótaaðgerðastofa
Reykjavíkur ehf.
Fraktflutningar ehf.
Freyðing ehf.
Frjó quatro ehf.
Frumkönnun ehf. -
Tjónaskoðun
Fröken Júlía ehf
Fönix ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Gagnaöryggi ehf.
Gallerí Fold
Garðtækni sf.
Gáski ehf. - Sjúkraþjálfun
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Gistiheimilið Baldursbrá
Gistihúsið Ísafold
Gjögur hf.
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Glóbus hf.
Grand hótel Reykjavík
Grant Thornton
endurskoðun
Grásteinn ehf.
Grensáskirkja
Grensásvideo ehf.
Gró ehf.
Gróco hf.
Guðmundur Arason ehf.
Smíðajárn
Gull- og silfursmiðjan
Erna hf.
Gullkistan
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf.
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H.B. Grandi hf.
Haagensen ehf.
Hafgæði sf.
Hagi ehf.
Hagkaup ehf. - Skrifstofa
Hamborgarabúllan
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Háfell ehf.
Hárgreiðslustofan
Greiðan ehf
Hátækni ehf.
Heilsa Nr.1 ehf.
Heilsubrunnurinn ehf.
Henson hf.
Hereford steikhús
Herrahúsið Herrabúðin hf.
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Híbýli fasteignasala ehf
Híbýli og skip ehf.
Hjá Dóra ehf. - Matsala í
Mjóddinni
Hjólbarðaverkstæði
Grafarvogs
Hjólbarðaverkstæði
Sigurjóns ehf.
Hlað sf.
Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna
Hótel Cabin ehf.
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hótel Óðinsvé
Hrafnhildur
Sigurðardóttir ehf.
Hreinsibílar ehf.
Hreinsitækni ehf.
Hreysti ehf.
Hringrás hf.
HU - Vegamót
Humarhúsið
Hönnunarstofa Maríu Lovísu
IÐAN Fræðslusetur
Inter ehf.
Isoft á Íslandi ehf.
ÍSAGA ehf.
Íslandspóstur hf.
Íslenska gámafélagið
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Ísmar hf.
Ísold ehf, hillukerfi
- www.isold.is
Ís-spor hf.
Íþróttafélagið Fylkir
Janusbúðin - Laugavegi 25
Jens Guðjónsson hf.
Jóhannes Long
ljósmyndari
Jón Sigmundsson
Skartgripaverslun hf.
K. Pétursson ehf.
KAFFI ROMA
Kaffibarinn ehf.
Kaffivagninn hf.
Kemis ehf.
Kjörgarður
Klipphúsið ehf.
Knattborðsstofan Klöpp
KOM Almannatengsl
Kórund Kort ehf.
Kvika ehf.
Kvikk þjónustan ehf.
Lagaþing sf. - Þorbjörg I.
Jónsdóttir hrl.
LAG-Lögmenn sf.
Lagnalagerinn ehf.
Landhelgisgæsla Íslands
Landsnet hf.
Landvernd
Listasafn Sigurjóns
Ólafssonar

og vegfarenda að hér sé vopnuð lögregla á ferð.

Vélbyssa, áþekk MP5, er samt það vopn sem flest nágrannaríki okkar nota þegar um yfirstandandi vá er að ræða. Þetta vopn býður upp á marga möguleika og hefur alla kosti haglabyssu en þó þann mikilvæga kost að áhrifasvæði þess er yfir 100 metrar. Með góðum kíki er þetta vopn sem hentar mjög vel í stuttar og millivegalengdir. Mun auðveldara er að þjálfa fólk til að hitta með vélbyssu en skammbyssu, hún er sýnileg og hefur gott drægi.

Riffla ætla ég að láta liggja á milli hluta, þeir eru sjaldan notaðir nema þar sem sérsveit getur tekið alfarið við því hlutverki þar sem þeim er beitt.

Taser er skammdrægt valdbeitingartæki eins og skammbyssa og myndi best nýtast við aðrar aðstæður en skotvopn. En rétt er að taka fram og bæta því við í umræðu um taser að taser er hannaður með mannúðarsjónarmið í huga og er ætlað að vera óbanvænn kostur þar sem skotvopni gæti annars verið beitt. Nokkuð hefur verið fjallað um taser áður og vísa ég til þeirrar umræðu að öðru leyti.

### *Hættan er til staðar*

Vopnaburður lögreglu á Íslandi snýst ekki um ákvörðun um í hvernig samfélagi við viljum búa heldur um kalt mat á staðreyndum. Við eigum ekki að velja þá leið sem gæti vel verið fimmta mýtan: „Þetta gerist ekki á litla góða Íslandi“ því í alþjóðlegu samhengi er Ísland hluti af heimssamfélaginu og ekki eyland. Óvopnaðir lögreglumenn hafa þegar verið sendir í verkefni þar sem verkefnið sjálft bar með sér að þeir hefðu alls ekki átt að fara í það óvopnaðir. Það er komið að þeim tímapunkti að við þurfum að skoða og gera klárt til þess að við getum með skömmum fyrirvara vopnað lögreglu landsins. Til þess þarf þjálfun, búnað og verklagsreglur sem eru skýrar – áður en til þess skelfilega tíma kemur að þeim verði beitt.



*Minningarathöfn í Oslo*

# Ársfundur Landssambands norskra lögreglumanna 2011

**Ársfundurinn var haldinn 16. nóvember sl. og út á við var langmestur áhugi tengdur spurningunni hvaða stefnu félagið vill taka varðandi vopnaburð norsku lögreglunnar. Í aðdraganda fundarins var gerð óformleg könnun á afstöðu félagsmanna og 31% aðspurðra vildi að almenn lögregla (útkallslögregla) bæri skotvopn við skyldustörf en 47% vildu óbreytt ástand. Ekki var gefið upp hve stórt úrtakið var. Í könnun sem norska Landssambandið gerði fyrr á árinu og náði til mun fleiri félagsmanna var einungis 20% stuðningur við almennan vopnaburð lögreglumanna en rétt að geta þess að sú könnun var gerð snemma á árinu. Hvort atburðirnir sem gerðust 22. júlí sl. í Oslo og Utøya hafi haft einhver áhrif á niðurstöðuna er ekki gott að segja en í það minnsta hefur svæðisdeild lögreglunnar í Oslo krafist þess að þeir atburðir verði teknir með í faglegt áhættumat sem fyrirhugað er að gera í tengslum við þörfina á vopnaburði lögreglumanna.**

Athygli vakti að 19% aðspurðra félagsmanna vilja að lögreglan fái rafstuðtæki (taser) sem hluta af staðalbúnaði lögreglumanna en félagið vill að gerð verði sérstök athugun á því hvort rétt sé að taka þann búnað upp.

Niðustaða fundarins var sú að fresta ákvörðun er varðar almennan vopnaburð lögreglumanna til ársfundar 2012. Hins vegar ályktaði fundurinn um nokkur tengd atriði og þau helstu voru:

- Settar verði samhljóða reglur í embættunum og öðrum löggæslustofnunum um að allar lögreglubifreiðar (bæði merktar og ómerktar) verði útbúnar þannig að unnt sé að varsla þar skotvopn (bæði skammbyssur og öflugri vopn sem leyfð eru).
- Allir starfandi lögreglumenn í útkallslögreglu sem hafa hlotið nauðsynlega þjálfun og réttindi fái úthlutað eigið skotvopni.
- Embættum og löggæslustofnunum verði gert að bæta strax þjálfun allra sem starfa í útkallslögreglu.
- Embættin og löggæslustofnanir setji á laggirnar nefnd sem ætlað sé að fjalla um aðra og hættuminni valkosti en skotvopn (rafræna valdbeitingu – taser).
- Aukið verði vægi bæði kennslu og þjálfunar í meðferð skotvopna í lögregluskólanum.

# Samkomulag starfshóps Landssambands lögreglumanna, fjármálaráðherra og innanríkisráðherra um önnur atriði en útfærslu álagsgreiðslunnar



*Steinar Adolfsson framkvæmdastjóri LL.*

**Í tengslum við samkomulag Landssambands lögreglumanna (LL) og samninganefndar ríkins um útfærslu niðurstöðu gerðardóms frá 23. september sl. var gert sérstakt samkomulag, í formi yfirlýsingar, um áframhaldandi vinnu vegna tiltekinna atriða sem núverandi stjórn LL hefur lagt mikla áherslu á undanfarin ár. Vinnan mun fara fram í hópi sem skipuð er fulltrúum LL, fjármálaráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins. Á þeim kynningarfundum sem stjórn LL stóð fyrir meðal lögreglumanna var farið yfir þessi mál ásamt sjálfri útfærslu álagsgreiðslunnar og það var mjög ánægjulegt að upplifa hversu mikinn áhuga lögreglumenn höfðu á að ræða þessi málefni enda öllum ljóst að þetta varðar stéttina miklu og mikilverðir hagsmunir í húfi. Þykir því rétt að gera nánari grein fyrir þessum þáttum.**

**Um er að ræða alls fimm atriði en þau eru:**

- Framtíðarfyrirkomulag menntamála.
- Öryggismál lögreglumanna.
- Verkfallsrétturinn.
- Umdæmabreytingar.
- Snemmbær lífeyristaka tengd boðuðum umdæmabreytingum.

### *Menntunarmál lögreglumanna*

Um framtíðarfyrirkomulag menntamála kemur fram í yfirlýsingunni að aðilar séu sammála um að fara í greiningu á núverandi stöðu og bera saman við menntun í Evrópu, einkum á Norðurlöndum. Kannaður verði möguleikinn á að tengja námskrá Lögregluskóla ríkisins (LSR) hinu almenna menntakerfi í ljósi nýrra laga um framhalds- og háskóla. Núverandi stjórn hefur lagt áherslu á að menntun lögreglumanna verði aukin og skoðað af alvöru að færa námið upp á æðra skólastig og e.a. á háskólastig. Menn eru samt raunsæir og vita að sú vegferð muni taka tiltekinn tíma en vilja að brautin verði mörkuð og ákveðin. Mikilvægur þáttur í því er að gera stúdentspróf eða sambærilega menntun að lágsmarks inntökuskilyrði í LSR og hefur LL komið því sjónarmiði á framfæri í nokkrum umsögnum sem gerðar hafa verið um breytingar á lögreglulögum undanfarin ár.

### *Öryggismál lögreglumanna*

Um öryggismál lögreglumanna kemur fram í yfirlýsingunni að vinnuslysatíðni lögreglumanna er


EJS | HLUTI AF SKÝRR

EIMSKIP

ERGO LÖGMENN

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

mun hærri en hjá öðrum stéttum og nauðsynlegt sé að greina frekar orsakir þess og hvað unnt sé að gera til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Auk þessa hefur LL í hyggju að taka upp atriði sem lúta beinnt að starfsumhverfinu svo sem búnaðarmál, mönnun, starfsaðstaða hvort sem um er að ræða á lögreglustöðvum eða í bílunum og hvaðeina annað sem við viljum ræða undir þessum lið.

### *Verkfallsrétturinn og umdæmabreytingar (þ.á m. snemmbær lífeyrirstaka)*

Um þessa þrjá þætti kemur fram í yfirlýsingunni að ætlunin sé að ræða þau á samningstímanum sem er til vormánaða 2014. Þetta er sett fram með þessum hætti til að leggja áherslu á að framangreindir tveir þættir (menntun og öryggismál) séu mikilvægari í tíma talið en einnig af þeirri augljósu ástæðu að lagabreyting er nauðsynleg til að tryggja framgang þessara atriða og með hliðsjón af þrígreiningu ríkisvaldins er ekki unnt að ganga frá því með endalegum hætti. Vilji samningsaðila er hins vegar ljós og settur fram í viðræðunum. Varðandi endurheimt verkfallsréttarins þá sagði fjármálaráðherra á fundi með samninganefnd LL þann 29. september sl. að lögreglumenn gætu fengið hann tilbaka ef það væri vilji stéttarinnar og Snorri Magnússon formaður sagði einfaldlega „já takk". Við sem erum í forsvari fyrir stéttina höfum í samningaviðræðunum upplifað ákall um að rétturinn verði endurheimtur og á kynningarfundum að lokinni útfærslu gerðardóms hefur það skýrlega komið í ljós að flestir sem tjáð hafa sig um þetta eru þeirrar skoðunar. Menn virðast þó átta sig á að ekki sé allt fengið með endurheimt réttarins en telja þó mikilsvert að hafa hann með í farteskinu.

Varðandi frekari umdæmabreytingar hefur ætíð verið rætt um að lykilatriði væri að hafa inni í frumvarpinu ákvæði sem gerði eldri lögreglumönnum, á bilinu 60 – 65 ára, tækifæri til að fara á eftirlaun á fullum réttindum. Vissulega hefur umræðan fyrst og fremst verið um þá lögreglumenn sem tilheyra B-deild lífeyrissjóðsins enda réttindasöfnun síðustu árin í starfi margföld á við aðra lögreglumenn. Landssambandið hefur hins vegar alltaf bent á nauðsyn þess að hafa slíkan möguleika opinn fyrir aðra lögreglumenn sem eru á sama aldri óháð lífeyrisgreiðsluformi enda yrði slíkt væntanlega í samræmi við þær forsendur sem settar væru fram fyrir nauðsyn þess að greiða fyrir þessum möguleika sem jafnan hefðu verið þær að fækka yfirmönnum í lögreglu og opna fyrir frekari nýráðningar á lögreglumönnum.

***Steinar Adolfsson.***

*Núverandi stjórn hefur lagt áherslu á að menntun lögreglumanna verði aukin og skoðað af alvöru að færa námið upp á æðra skólastig og e.a. á háskólastig.*





# Hópefling lögregluk

**Þann 24. nóvember sl. stóð Landssamband lögreglumanna fyrir hópeflingu lögreglukvenna. Tilgangurinn var ekki aðeins að þjappa hópnum saman heldur að hvetja lögreglukonur til starfsframa og virkni í félagsmálum.**

Tæplega 60 konur mættu eða 75% starfandi lögreglukvenna og telst það nokkuð góð mæting.

Björk Jakobsdóttur leikkona hitaði upp hópinn, fékk marga til að brosa og slaka aðeins á en þessi samkoma var í beinu framhaldi af vinnu flestra kl. 16:00.

Síðan tók við Árelía Eydís Guðmundsdóttir dósent í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og það skemmtilega var að hún hitti beint í mark og náði til alls hópsins með fyrirlestri sínum „Á réttri hillu í lífi og starfi“

Auk fræðslu var boðið upp á veitingar og allir þátttakendur leystir út með gjöf.

Ég held mér sé óhætt að segja að lögreglukonur hafi allar verið ánægðar með þetta framtak og sendum við Landssambandinu okkar bestu þakkir.

***Berglind Eyjólfsdóttir***





inter Medica.

Hvalur hf.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Íslandsbanki



# venna





Lögreglustjórinn á
Höfuðborgarsvæðinu

Landsvirkjun

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Verð 28.900 kr.



MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is



# Valdbeiting

## - endurbættar aðferðir og kynning á verkefninu



*Guðmundur Ásgeirsson, lögreglufulltrúi*



*Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn*

**Skriflegar heimildir um notkun lögreglutaka/valdbeitingar í lögreglunni hér á landi eru af skornum skammti. Lögreglan vann seinni hluta síðustu aldar, sína valdbeitingu eftir aðferðum sem áttu rætur sínar að rekja til þjálfunar sem veitt var á stríðsárunum og m.a. þá og síðar sótt til Bretlands og víðar. Hér var um að ræða haldgóðar aðferðir sem dómstólar samþykktu og sem lýst var í kennsluefni en ekki síst varðveittar í munnlegri geymd lögreglumanna. Hversu öryggi hlutaðeigandi, þ.e. lögreglumanna og þeirra sem sættu valdbeitingu, var tryggt hefur ekki verið rannsakað en nú eru einfaldlega breyttir tímar. Allt samfélagið krefst þess að valdbeiting, hverju nafni sem hún nefnist, þoli skoðun og nútíma hugsun í vinnuverndarmálum krefst þess einnig að allt sé gert til að lögreglumenn líði ekki fyrir að vera sú framlenging allsherjarvaldsins sem raun ber vitni.**

En að nútímanum. Árið 1993 hófst kennsla á nýju kerfi handtökuaðferða og sjálfsvarnar við Lögregluskóla ríkisins (LSR). Um var að ræða kerfi sem þá hafði verið kennt við danska lögregluskólann í um tólf ár og notað af dönsku lögreglunni. Kerfið byggðist á ýmsum valdbeitingartökum og neyðarvarnaraðferðum sem notuð voru hjá lögregluliðum víða um heim en Danir drógu helstu tökin í eitt kerfi og gáfu lögreglunni á Íslandi leyfi til að nýta sér það að fullu. Hingað til lands kom kennari frá danska lögregluskólanum og kenndi hópi íslenskra lögreglumanna kerfið og kennsluaðferðir og var hugmyndin að þessir sömu lögreglumenn miðluðu þekkingu sinni áfram.

Í LSR var árið 1994 tekið saman íslenskt kennsluhefti upp úr danska kerfinu. Heftið var reyndar aldrei fullklárað en var notað til ársins 2010 við kennslu lögreglunema og við símenntun lögreglumanna í LSR með ágætis árangri. Handtökukerfið hefur verið

---

1 *Samstarf lögregluskóla Norðurlanda en danski lögregluskólinn tók ekki þátt í þessum hluta samstarfsins.*
2 *Skólinn er rekinn á fleiri en einum stað og sáu menn m.a. þetta sem tækifæri til að ná sem flestum af leiðbeinendunum saman.*
3 *Flokkur 1: Sérsveit, flokkur 2: Lífverðir, flokkur 3: Aðgerðasveitir lögreglu, flokkur 4: Almenn útkallslögregla og flokkur 5: Lögreglumenn í öðrum verkefnum (hafa ekki fengið vopnaþjálfun).*





hið viðurkennda kerfi við valdbeitingu hér á landi, samþykkt af yfirvöldum löggæslumála og til þess litið við úrlausn fyrir dómstólum

Þjálfarar við LSR í lögreglutökum og neyðarvörn hafa undanfarin ár verið í nánu samstarfi við valdbeitingarkennara í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi undir merkjum Nordcop[1] samstarfsins. Hér á landi hafði staðið til að útbúa nýtt kennsluhefti í lögreglutökum þar sem hið eldra var komið til ára sinna og sú hugmynd kom upp eftir að valdbeitingarþjálfarar LSR höfðu kynnt sér þær aðferðir og kennsluefni sem notað var af áðurnefndum nágrannaþjóðum okkar að nýta reynsluna þaðan, kennsluefni og aðferðir. Eftir athugun á mismunandi en samt keimlíkum aðferðum sem þessara frændþjóðir okkar notuðu og því kennsluefni sem þær höfðu útbúið, var komist að þeirri niðurstöðu að norska valdbeitingarkerfið hentaði vel til kennslu og notkunar á Íslandi.

Ástæðurnar fyrir því að norska valdbeitingarkerfið var valið voru nokkrar. Fyrst skal nefna að norski lögregluháskólinn (PHS) hafði nýlega látið útbúa nýja kennslubók í valdbeitingu og sjálfsvörn. Hún er einstaklega vel uppsett, sýndi mismunandi aðferðir handtöku og sjálfsvarnar með einföldum texta og góðum skýringamyndum. Önnur ástæða og ekki síðri var sú staðreynd að norska valdbeitingarkerfið er einfalt og talið öruggt m.t.t. þeirra aðferða sem notaðar eru við valbeitinguna sjálfa. Lögð er áhersla á öryggi lögreglumannanna og ekki síður þess sem yfirbuga þarf. Þá er norska valdbeitingarkerfið eina norræna kerfið sem ekki fjallaði um aðferðir sem tengdust því að verja skotvopn sem lögreglumenn bera. Sænska, danska og finnska lögreglan eru með sérstaka kafla í sínum kennslubókum um varnir vegna vopnaburðar en norska lögreglan er almennt ekki vopnuð frekar en sú íslenska. Því eru aðferðirnar við í beitingu valds áþekkar. Þess ber að geta að ekki var verið að leggja til gjörbreytingu á þeim lögreglutökum sem hafa verið notuð á Íslandi. Það var því langt frá að um miklar breytingar hafi verið um að ræða en þær aðferðir, tök og varnir er mælt var með að tekin yrði í notkun hér á landi voru í grunn þær sömu og notaðar höfðu verið um árabil en búið að þróa þær áfram og til hins betra. Má segja að í raun hafi verið um tæknilegar útfærslubreytingar að ræða.

***Kennsluefnið hefur verið þýtt og staðfært og gerð kennslumynd sem þjálfarar hafa aðgang að við kennslu hjá embættunum.***





Afráðið var að fá fulltrúa sérsveitar Ríkislögreglustjóra til að kynna sér norska kerfið og kennsluefni því tengdu. Sú skoðun leiddi í ljós sömu niðurstöðu og LSR hafði komist að, þ.e. að um gott og einfalt kerfi væri um að ræða og kennsluefnið mjög vel úr garði gert með megináherslur á greinagóðar skýringamyndir og einfaldan texta. Send var greinagerð til Ríkislögreglustjóra um þessar hugmyndir, þ.e. að uppfæra þær valdbeitingaaðferðir sem notaðar voru af lögreglu landsins og kenndar við LSR, með því að taka upp valdbeitingakerfi Norðmanna og kennslubók þeirra. Ríkislögreglustjóri samþykkti þessar tillögur á haustmánuðum 2009 og var þá farið að vinna markvisst að því innleiða nýtt valdbeitingarkerfi fyrir lögregluna á Íslandi.

### *Hvar stöndum við og hvert stefnum við?*

**Samstarf og samvinna er lykillinn að árangri!**

Framhaldsdeild LSR hélt tvö fimm daga námskeið snemma árs 2010 þar sem þjálfaðir voru upp 46 þjálfarar af öllu landinu sem fengu síðan það verkefni að kynna nýja valdbeitingarkerfið innan sinna embætta og jafnframt að þjálfa samstarfsmenn upp, í samvinnu við yfirstjórn hvers embættis. Á fyrra námskeiðið komu tveir þjálfarar frá PHS og önnuðust þjálfunina ásamt þjálfurum LSR en þjálfun á síðara námskeiðinu var alfarið í höndum þjálfara LSR, sérsveitar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Námskeiðin voru krefjandi og líkamlega erfið en jafnframt mjög skemmtileg að sögn þeirra sem þátt tóku. Það skal tekið fram að Landssamband lögreglumanna kom að fyrra námskeiðinu með því að greiða hluta kostnaðar vegna komu þjálfaranna frá PHS. Hugmyndin var að gera lögregluembættin sjálfbær um valdbeitingarþjálfun og gera þau jafnframt að einhverju leyti ábyrg fyrir því að lögreglumenn embættanna væru í stakk búnir til að nota þessar nýju og endurbættu aðferðir sem gæfi þeim þá meira sjálfstraust í starfi og yki þannig starfsánægju og stuðlaði að því að færri óhöpp og slys yrðu þegar lögreglumenn þyrftu að beita líkamlegu valdi við störf sín.

Í framhaldi af þessum tveimur námskeiðum var „boltinn sendur“ á lögregluembættin og fengu þau það verkefni að koma á þjálfun fyrir sín lögreglulið. Þeim stóð til boða öll sú aðstoð sem LSR ríkisins gæti mögulega veitt þeim. Skólinn leysti leiðbeinendur út með kennslubókum, kennsluáætlunum og veitti ráðgjöf auk þess sem embættinu á höfuðborgarsvæðinu bauðst að nýta æfingaaðstöðu LSR.

Satt best að segja hefur þetta gengið misjafnlega vel en hjá flestum lögregluembættum hefur farið fram einhver kynning og lítilsháttar grunnþjálfun í nýjum og endurbættu aðferðum. Nokkur embætti höfðu ekki tök á að senda fulltrúa sinn á þjálfaranámskeiðin en áætlað var að embættin samnýttu þjálfara og gengið út frá því. Því miður hefur lítið sem ekkert gerst innan sumra embætta varðandi kynningu og grunnþjálfun, sem er afar slæmt. Þá er það einnig staðreynd að áhugi og fjárhagsleg geta sem og aðstaða er æði misjöfn til að styðja við þjálfunina.

Við þetta er svo að bæta að framhaldsdeild LSR skipulagði á síðasta skólaári símenntunarnámskeið sem haldið var á fjórum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem embættunum var m.a. veitt aðstoð við að koma verkefninu áleiðis. Námskeiðið var haldið í Vestmannaeyjum en einnig voru haldin námskeið í nágrenni Hvolsvallar fyrir aðra á Suðurlandi, á Eskifirði/Reyðarfirði fyrir Austurland og á Akureyri fyrir Norðurland. Lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vesturlandi

## Nauðsynlegt er að stækka hópinn sem sinnir þjálfuninni



**Arnar Rúnar Marteinsson er aðalvarðstjóri og daglegur stjórnandi aðgerðasveitar LRH. Hann sagði að verkefnið hefði fengið ágætis meðbyr hjá embætti LRH og það hefði þegar í upphafi verið ákveðið að setja þjálfun lögreglumanna í valdbeitingu inn í vinnutímaskipulag embættisins.**

Fyrstu hugmyndir hefðu gengið út á að hafa að jafnaði tvo þjálfara á hverri starfsstöð og í hverri einingu embættisins til að stjórna þjálfun manna á hverjum stað en í ljós hefði komið að það fyrirkomulag gekk ekki alltaf upp af ýmsum ástæðum en í framtíðinni verður hugað að því að spyrða þjálfarana meira saman frekar en fela þeim að þjálfa eingöngu hjá sinni einingu. Hann kvað þjálfara að vísu vera misvel virka í þjálfuninni en á því væru eðlilegar skýringar, álag og verkefni. Nauðsynlegt væri að stækka hópinn sem sinnir þjálfuninni.

Hann sagði að sett hefði verið upp skipulag sem samþykkt hefði verið af yfirstjórn varðandi æfingar aðgerðasveitarmanna. Þannig mun aðgerðasveit embættisins, sem er í framlínunni, fá tíðar æfingar og þjálfun og að í þeim hópi yrðu gerðar ríkar kröfur til færni í valdbeitingu og mönnum sköpuð aðstaða og tími til að sinna þjálfun. Lagt er upp með að þessi hópur æfi mánaðarlega nema yfir sumarleyfistíma og í jólamánuðinum. Að jafnaði yrðu æfingar sem nemur einum vinnudegi í mánuði og eru æfingar hafnar samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

Á næsta ári er jafnframt stefnt að því að að auka æfingar fyrir aðra lögreglumenn og æfingarnar tækju þá mið af því að þjálfa lögreglumenn embættisins mismikið, allt eftir því hvert starfssvið þeirra er. Ekki er enn frágengið hve miklum tíma verður varið í þessar æfingar en allir yrðu að þekkja til þessara aðferða og kunna á þeim skil.

Arnar kvað þessa þjálfun vera mjög mikilvæga og skilyrði væri að lögreglumenn gætu sýnt fram á að réttar aðferðir hefðu verið notaðar þegar atvik verða skoðuð eftir á.

Hann sagði að líta bæri á þá vinnu sem nú er farin af stað, og sem hófst með þjálfun leiðbeinenda í Lögregluskólanum í janúar 2010, sem langhlaup – menn yrðu að vita nákvæmlega hvert þeir ætluðu og hvernig og sætta sig við að það væri ekki útgjalda- eða fyrirhafnarlaust að halda starfsmönnunum upplýstum og að þeir yrðu einnig að skynja að það gæfi þeim aukið öryggi og færni í störfum að sinna þjálfun af áhuga.



gafst kostur á að sækja námskeiðið í LSR. Ekki hefur verið unnt að fara með námskeiðið til Vestfjarða ennþá en það er á dagskrá. Á námskeiðunum rifjuðu þjálfarar LSR upp aðferðarfræðina með þjálfurunum og öðrum lögreglumönnum, aðstoðuðu þjálfara embættanna við að setja upp áætlanir en einnig var öðrum hefðbundnum löggæsluverkefnum sinnt eins og ævinlega á símenntunarnámskeiðum.

### *Þróunin heldur áfram – símenntunarnámskeið þjálfara*

Í september á þessu ári var afráðið að halda upprifjunar- og símenntunarnámskeið í framhaldsdeild LSR fyrir þjálfara embættanna og óskaði LSR á ný eftir aðkomu PHS að verkefninu. Yfirstjórn PHS brást við af einstakri röggsemi og ákvað að nýta þetta tækifæri til að samræma kennsluaðferðir innan Noregs[2] en einnig að læra af því hvernig haldið hefur verið á málum hér á landi. Haldin voru tvö tveggja daga símenntunarnámskeið fyrir þjálfara í LSR og hingað komu fimm af sjö valdbeitingarþjálfurum PHS. Námskeiðin tókust mjög vel. Í ljós kom að aðeins hafði fækkað í þjálfarahópnum, einstaka hafði hætt í lögreglu, sumir voru vant við látnir eða meiddir en námskeiðin sóttu samt 40 þjálfarar og tækifærið var einnig nýtt til að bjóða efnilegum verðandi þjálfurum á námskeiðið.

Á námskeiðunum voru rifjaðar upp grunnaðferðir kerfisins og bætt við nýjum atriðum sem ekki hafði gefist tími til að fara í á fyrsta námskeiðinu. Þess ber að geta að kostnaður heimsóknar norsku þjálfaranna var alfarið greiddur af PHS en norsk skólayfirvöld eru hreykin yfir þessu góða samstarfi milli landanna og vildu styrkja enn betur þessi tengsl með því að senda þjálfara á sinn kostnað en nýta einnig ferðina sbr. það sem segir hér að framan.

Í dag er staða mála í valdbeitingarþjálfun lögreglumanna á Íslandi töluvert betri en hún var fyrir tæpum tveimur árum en þó eigum við langt í land. Ekki er hægt annað en nefna sérstaklega þátt Landssambands lögreglumanna sem sá að í verkefninu fólust mikil sóknarfæri, ekki síst á sviði vinnuverndar og öryggis lögreglumanna og studdi það heilum hug og með fjárframlagi úr STALL.

### *Hvað svo?*

Í febrúar 2012 útskrifast hópur vaskra lögreglumanna frá LSR sem hefur lokið fullri þjálfun í nýjum valdbeitingaraðferðum. Þessi hópur mun ráða yfir góðri færni í nýjum valdbeitingaraðferðum og hefur staðist próf sem svipar mjög til þess sem norskir nemendur PHS ljúka. Lögreglumenntaðir nýliðar munu vonandi ganga til liðs við íslensku lögregluna að námi loknu og er þeir gera það verða þeir í hópi best þjálfuðu lögreglumanna landsins í beitingu nýrra og öruggari valdbeitingaraðferðum. Nýr hópur lögreglunema hefur um svipað leyti nám í LSR, þjálfarar embættanna viðhalda þekkingu hinna nýútskrifuðu og annarra og þannig mun smám saman fjölga þeim lögreglumönnum sem kunna fullnægjandi tök á nýjum og betri valdbeitingaraðferðum.

Lykillinn að því að innleiðing bættra og endurnýjaðra valdbeitingaraðferða gangi eins og til er ætlast er að lögreglan hugsi fram í tímann og setji sér skýr markmið. Spurningin er því hvort við taki markviss síþjálfun þessara lögreglumanna. Því miður vantar töluvert upp á það í dag, af ýmsum ástæðum, en síþjálfun er grundvöllur þess að viðhalda færni í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum. Sé ekki hugað að símenntun og þjálfun gerist það óumflýjanlega að lögreglan tapar niður þeirri tækni og snerpu sem hefur verið þjálfuð upp og allt það sem lagt hefur verið í þetta verkefni í tíma og peningum tapast.

Við getum sagt með góðri samvisku að í dag séum við í startblokkunum í langhlaupi, með hæfilegri bjartsýni sagt að við séum jafnvel að komast upp úr þeim og höfum hlaupið fyrstu skrefin. Við erum komin af stað en þó nokkuð vantar upp á að við séum komin það vel af stað að við séum farin að sjá fyrir endann á hlaupinu og hvað þá að við sjáum verðlaunasæti.

Hvað vantar upp á? Hvernig sjáum framtíðina fyrir okkur í þessum efnum? Hvernig viljum við standa að vígi á komandi árum þegar sú staðreynd er öllum ljós að aukin harka hefur færst í þann heim sem lögreglumenn landsins þurfa að horfast í augu við á hverjum degi? Getum við leyft okkur að gera ekki neitt eða hafa stjórnvöld þann möguleika að ætla ekki





fjármuni og tíma í þjálfun og síþjálfun?

Það er verkefni okkar allra að beita okkur fyrir því að áfram verði tekið á þjálfunarmálum stéttarinnar. Það er nauðsynlegt að kalla eftir að öllum séu sköpuð skilyrði til nægilegrar þjálfunar í því sem lítur að sjálfsvörn, handtökuaðferðum og notkun þeirra valdbeitingatækja sem lögreglan notar og að lögreglumenn sýni því sjálfir áhuga og metnað.

### *Framtíðin – sýn Lögregluskóla ríkisins*

Hvað getum við gert til að koma þessum málum í réttan farveg, komið hjólinu af stað? Við sem fagstétt verðum að setja fram hugmyndir og „selja þær" og taka vel undir þegar tækifæri gefast eins og það sem hér hefur verið skapað.

Framtíðarsýn LSR er að komið verði á virku síþjálfunarkerfi fyrir lögreglumenn landsins í valdbeitingu. Slíkt á erindi inn á símenntunarnámskeið LSR sem þarf að endurskoða með tilliti til þessa en einnig geta embættin sinnt þessum verkefnum að nokkru leyti sjálf.

Best væri að komið yrði saman vinnuhópi, í umboði LSR, Ríkislögreglustjórans og LL, er setti fram áætlun til nokkra ára. Þar yrði lýst nákvæmlega hver lágmarksþjálfun og lágmarkskröfur til hvers lögreglumanns ætti að vera, þ.e. klukkustundafjöldi í þjálfun og kröfur um færni. Hvað ætti að leggja áherslu á og hve mikið á hvern þátt. Til að þetta gangi eftir þyrftu yfirvöld lögreglumála að gefa út fyrirmæli sem öllum lögregluembættum yrði skylt að fylgja og þá auðvitað einnig gert það mögulegt með fjármagni í þjálfun.

Í dæmaskyni er hér sýnd hluti af ársæfingaáætlun sem gefin er út af norska ríkislögreglustjóranum (Politidirektoratet). Einungis er sýnd áætlun fyrir aðgerðarsveit og almenna lögreglu en alls er lögregluliðinu skipt upp í fimm flokka þegar kemur að valdbeitingarþjálfun lögreglumanna.[3]



# Lögreglumenn ánægðir og árangurinn er augljós



**Jóhann Hilmar Haraldsson er lögreglumaður í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði. Hann fékk það vandasama verkefni að vera samnefnari þjálfunarmála í valdbeitingu á Austurlandi og var hann beðinn að lýsa því hvernig verkefnið hafi gengið.**

„Eftir að ég lauk þjálfaranámskeiði í lok apríl 2010," sagði Jóhann, „var farið heim í hérað með boðskapinn. Í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði starfa 15 fastráðnir lögreglumenn og ég er staðsettur á Höfn. Vegalengd frá mér til lögreglumanna austur á fjörðum er u.þ.b. 220 km en þar starfa 10 lögreglumenn. Í samráði við yfirstjórn, sem er mjög jákvæð út í þetta verkefni, var farið af stað með þá hugmynd að hópa mönnum saman á skipulagðar æfingar að vori og hausti en það var talið heppilegt þar sem mannskapurinn er dreifður á stóru svæði. Þessar æfingar hafa staðið yfir í einn til tvo daga og þá u.þ.b. fjóra klukkutíma í senn.

Hópnum hefur þó verið skipt upp, þ.e. lögreglumenn á Höfn og Djúpavogi hafa æft saman og lögreglumenn á Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði hafa æft saman. Embætti sýslumannsins á Seyðisfirði hefur einnig verið boðið á þessar æfingar austur á fjörðum. Eftir hverja skipulagða æfingu eru menn hvattir til að virkja hver annan á vaktinni og æfa grunnþætti valdbeitingar, með stuðningi í kennslubók, sem þó er aðeins til í tveimur eintökum í embættinu og eru staðsett á Höfn og Eskifirði."

Spurður um árangur sagði Jóhann: „Lögreglumenn hjá okkur hafa verið ánægðir með þetta valdbeitingarkerfi og árangur er augljós hjá lögreglumönnum í umdæminu. Á voræfingu 2011 var greinilegt að lögreglumenn voru öruggari í valdbeitingu eftir að hafa tileinkað sér „norska kerfið" en kominn var ákveðinn grunnur í „fram og aftur valdbeitingartökum". Hjá okkur hafa línurnar verið lagðar tvisvar á ári en svo er færni og ábyrgð manna alltaf undir hverjum og einum komin, þ.e. hvort menn virki sjálfan sig og félagan í grunnþætti valdbeitingar".

Hvað varðar framtíðarsýn í æfingamálum lögreglunnar almennt er ég á því að það þurfi að skilgreina ákveðinn tíma sem hver og einn lögreglumaður eigi að fá í æfingar, sem nýtast honum í starfi og að embætti fái fjármagn og það sé gert ráð fyrir því að þau þjálfi lögreglumenn sína t.a.m. í valdbeitingu. Einnig var gagnlegt og mikilvægt að fá starfsmenn Lögregluskólans út á landsbyggðina sl. haust, þar sem m.a. var tekin fyrir valdbeiting en til framtíðar séð myndi ég vilja sjá slíkt fyrirkomulag áfram, þar sem ýmis málefni væru tekin fyrir.

Þá eigum við að halda góðu samstarfi við Norðmenn og þjálfarar íslensku lögreglunnar ættu að hittast einu sinni á ári til að stilla saman strengi og viðhalda einbeitni sinni við að breiða út boðskapinn. Til skoðunar ætti að koma í nánustu framtíð að lögreglumenn þurfi að sýna fram á getu sína, samhliða þolprófi, í að taka valdbeitingartök, t.a.m. „aftur og fram". Fyrst þurfum við að byrja á grunninum og að honum höfum við verið að einbeita okkur í þessu embætti sl. tvö ár. Við höfum farið frá núllpunkti, hvað varðar nýtt kerfi í valdbeitingu og okkur miðar áfram en jafnt og þétt myndi ég vilja sjá auknar æfingar í valdbeitingu."

# Æfingaáætlun
## fyrir aðgerðasveitir lögreglu

**Vopnaþjálfun:**

| | |
|---|---|
| • MP5 (sjálfvirk vélbyssa, 9 mm) | 12 klst. |
| • Skammbyssa | 16 klst. |
| • Skotþjálfun í myrkvi | 4 klst. |
| • Valfrjálst | 6 klst. |
| • Riffilþjálfun | 13 klst. |

**Valdbeitingarþjálfun:**

| | |
|---|---|
| • Kylfa, OC piparúði og reglur varðandi notkun þessara tækja | 2 klst. |
| • Handtökuæfingar og sjálfsvörn | 8 klst. |

**Lögreglu“taktík“:**

| | |
|---|---|
| • Taktík í húsnæði (ýmsar aðstæður og aðferðir) | 10 klst. |
| • Ökutæki (stöðvun ökutækja-handtökuaðferðir) | 8 klst. |
| • Samþjálfun með hunda- og hestadeildum lögreglu | 4 klst. |
| • Taktísk í rökkvi/myrkri | 4 klst. |
| • Handtökuaðferðir þegar yfirbuga þarf mjög hættulega einstaklinga | 2 klst. |

**Lífvarsla og fylgd:**

| | |
|---|---|
| • Almenn lífvarsla | 2 klst. |

**Viðbragðsáætlanir:**

| | |
|---|---|
| • Áætlanagerð og viðbrögð við óvæntum atvikum | 4 klst. |

**Árleg þema:**

(Misjafnar áherslu frá ári til árs)

**Dæmi um áherslur :**

Skyndiaðgerðir t.d. yfirstandi vopnamál
Skyndihjálp
Áætlanagerð
Fyrstur á vettvang — 4 klst.
Samtalstækni og samningaviðræður
Þjónustustig lögreglu
Handtökur í mannfjölda
Sprengjuhótanir

| | |
|---|---|
| Árleg próf: | 3 klst. |
| Frjáls æfingatími: | 24 klst. |
| **Samtals æfinga-stundafjöldi:** | **126 klst.** |

# Æfingaáætlun
## fyrir almenna lögreglumenn (flokkur 4), 40 klukkustundir á ári.

**Vopnaþjálfun:**

| | |
|---|---|
| • MP5 (sjálfvirk vélbyssa, 9 mm) | 6 klst. |
| • Skammbyssa | 8 klst. |
| • Valfrjálst | 2 klst. |

**Valdbeitingarþjálfun:**

| | |
|---|---|
| • Kylfa, OC piparúði og reglur varðandi notkun þessara tækja | 2 klst. |
| • Handtökuæfingar og sjálfsvörn | 4 klst. |

**Lögreglu“taktík“:**

| | |
|---|---|
| • Taktík í húsnæði (ýmsar aðstæður og aðferðir) | 4 klst. |
| • Ökutæki (stöðvun ökutækja-handtökuaðferðir) | 4 klst. |
| • Handtökuaðferðir þegar yfirbuga þarf mjög hættulega einstaklinga | 2 klst. |

| | |
|---|---|
| Árleg þema: | 4 klst. |
| Frjáls æfingatími: | 4 klst. |
| **Samtals æfinga-stundafjöldi:** | **40 klst.** |




*Þessi mynd sýnir hvar valdbeitingarþjálfarar lögreglu eru staðsettir og hvað margir eru hjá hverju embætti.*



Ljóst ert að hér ríkir metnaður og festa en fullyrða má að íslensk lögreglan á töluvert í land með að nálgast Norðmennina í þessum efnum en vinnan er farin af stað þó að hún sé skammt á veg komin. Mikilvægt er að halda áfram þessu starfi og ekki láta það deyja drottni sínum sem svo hæglega getur gerst. Til að allt gangi sem best þurfa allir hagsmunaaðilar að koma að málum setja fram áætlanir, koma með tillögur, fylgja þeim eftir og láta þær verða að veruleika. Margir myndu segja að það væri allnokkuð stökk að fara úr tiltölulega fátæklegu símenntunarkerfi í valdbeitingu eins og mönnum stendur til boða í dag og í svo öflugt kerfi en verkefnið er að ræða þetta og koma á laggirnar.

### *Færni í valdbeitingu inn í árleg þrekpróf*

Það kom skýrt fram á áðurnefndu símenntunarnámskeiði valdbeitingarleiðbeinenda að hluti af því að þetta verkefni verði að veruleika og að almenn færni myndist í valdbeitingu, var að nauðsynlegt sé að tengja færni í valdbeitingu árlegu þrekpróf lögreglumanna. Þannig yrði hver og einn lögreglumaður sem tæki þrekpróf lögreglumanna, og fengi í framhaldi af því greitt svo kallað þrekálag, að geta sýnt fram á grunnþekkingu sína í þeim handtöku- og sjálfsvarnaraðferðum, og annarri valdbeitingu, sem samþykktar hafa verið af

# Metnaðurinn var mikill og árangurinn góður

**Elís Kjartansson lögreglufulltrúi er þjálfari hjá embættinu á Selfossi og hann var beðinn að lýsa því hvernig þjálfunin hefur gengið þar. Fram kom hjá honum að á Selfossi nálguðust menn þetta verkefni af áhuga og metnaði og að stefnan hefði komið frá yfirstjórn, sem hann gat síðan unnið eftir.**



„Ég fékk frjálsar hendur með hvernig við útfærðum þjálfunina," sagði Elís í samtali við Lögreglumanninn. „Ég ákvað því að á miðvikudögum, síðdegis, yrði að jafnaði æfing og þá komu þeir sem voru á dagvakt á tveggja tíma æfingu og reyndar fyrirlestra í fyrsta skiptið einnig."

Elís segir að ágætisaðstaða sé til æfinga í lögreglustöðinni á Selfossi. Hann sagði um þjálfunaráætlun sem hann vann eftir: „Ég bjó til áætlun „spíral" þannig að ég þjálfaði á stigi 1 í heilan mánuð uns allar vaktir höfðu fengið sömu þjálfunina áður en ég færði æfingarnar yfir á stig 2 sem var þá æft uns allir voru komnir þangað, fór þaðan í stig 3 o.s.frv. Margir komu oftar en einu sinni á æfingu á hverju stigi, hvort sem þeir voru í vinnu eða ekki og sýndu þessu mikinn áhuga".

Elís sagðist hafa haldið nákvæmt bókhald yfir hverjir sóttu æfingar á hverju stigi og hvernig gekk, og merkti við hvenær menn höfðu fengið þjálfun í hverjum hinna einstöku liða sem hann hafði sett inn í æfingaáætlunina. Hann sagðist jafnframt hafa bókað æfingarnar í LÖKE til að hafa yfirlit yfir þær þar.

„Þetta gekk mjög vel þennan fyrsta vetur, þ.e. frá janúar og fram á vor. Við vorum með gott kerfi og yfirmenn og aðrir innivinnandi leystu gjarnan af meðan á æfingunum stóð en að sjálfsögðu mættu margir þeirra einnig á æfingar. Ef upp komu áríðandi lögregluverkefni var þeim að sjálfsögðu sinnt en aðrir héldu áfram að æfa. Metnaðurinn var mikill og árangurinn góður. Ég sá framfarir og heyrði aldrei annað en að menn væru ánægðir með þetta," sagði Elís. „Það var enginn sem sagði að þetta væri vitlaust kerfi og að haustakið dygði alltaf eða eitthvað því um líkt. Menn sýndu þessu mikinn áhuga og ég fékk reynslusögur þar sem því var lýst hversu vel tökin reyndust."

„Síðan kom sumar og þá varð eðlilega hlé vegna sumarleyfa en um haustið voru breyttar forsendur – það hafði fækkað á vöktunum úr fimm í fjóra og menn höfðu einfaldlega ekki lengur mannskap í að halda þessu við og miðvikudagarnir urðu færri sem við gátum hist og æft. Það kom því oftar fyrir að menn náðu ekki að sinna æfingunum. Metnaðurinn var áfram til staðar hjá yfirstjórn og starfsmönnum en mannfæðin stóð okkur fyrir þrifum."

Spurður um framtíðarsýn í þjálfunarmálum starfandi lögreglumanna sagði Elís að setja þyrfti fram áætlun til nokkurra ára. Hann sagðist þeirrar skoðunar að þegar á næsta ári ætti að setja það markmið að allir í lögreglunni sæktu þjálfun í grunntökum í ákveðið margar kennslustundir á ári og síðan yrði sett mælanlegt markmið fyrir hvert ár uns viðunandi árangri væri náð. Besta aðferðin væri vafalaust að setja kröfur um ákveðna lágmarksfærni í valdbeitingu inn í hið árlega þrekpróf sem lögreglumenn þurfa að þreyta. Það væri ekki síður mikilvægt að sýna fram á færni í öruggum og góðum valdbeitingartökum eins og í því að þurfa að geta lyft ákveðinni þyngd eða að geta hlaupið.

Aðspurður um samstarf milli embætta sagði hann að það væri gott og gilt að ætlast til að þjálfari hjá einu embætti þjálfaði lögreglumenn hjá öðru en í hans tilfelli hefðu ekki gefist mörg færi á að sinna þjálfun kolleganna á Hvolsvelli þótt trúlega hafi verið til þess ætlast. Hann sagðist hins vegar telja að heimsókn þjálfara úr skólanum, með því sniði sem sett var á dagskrá á símenntunarnámskeiðum á síðasta skólaári, hafi verið mjög mikilvæg og vel til fundin og einnig lagði hann á það áherslu að halda ætti tengslum við Noreg og fá þjálfara þaðan reglulega til að koma hingað og hitta þjálfara íslensku lögreglunnar.



Ríkislögreglustjóra og búi yfir lágmarksfærni í samræmi við þau störf sem hann gegnir á þeim tíma.

Það er skoðun greinarhöfunda að við sem fagstétt, verðum að hafa á þessu skoðun og beita okkur fyrir því að gerð verði bragarbót á þjálfunarmálum okkar sem mun að sjálfsögðu gera okkur og vinnuumhverfi okkar öruggara. Hér reynir á yfirvöld að koma að verkinu af áhuga og metnaði og á lögreglumenn og samtök þeirra að taka þátt.

Hvarvetna á vinnumarkaðinum er viðurkennt að hluti af vinnutíma hvers og eins starfsmanns þarf að vera helgaður símenntun og færniþjálfun ýmis konar til að þekking hans og færni þróist áfram og eflist, viðkomandi starfsgrein, fyrirtæki, viðskiptavinum og starfsmanni til framdráttar.

Í málaflokkum þeim sem þessi grein fjallar um er augljóst að það er enn mikilvægara. Almenningur á rétt á því að valdbeiting sé framkvæmd á öruggan hátt, lögreglumennirnir eiga rétt á því að þeim verði séð fyrir bæði aðstöðu og tíma til að þjálfa og réttarvörslukerfið í heild á rétt á því að hvergi sé slakað á kröfum. LSR er tilbúinn til allra góðra verka á þessu sviði en til þess þarf sameiginlegt átak allra hlutaðeigandi, bæði þeirra sem móta stefnuna og leggja til fjármagnið en ekki síður lögreglumannanna og samtaka þeirra.

***Guðmundur Ásgeirsson, lögreglufulltrúi***
***/ Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn***



Fjallabyggð

FORTIS
Lögmannsstofa
Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

hár expo

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Litir og föndur - Handlist ehf.
Litla Sendibílastöðin sf.
Lífland hf.
Lífstykkjabúðin ehf.
Ljósboginn ehf.
Ljósin ehf.
Loftlínur ehf, jarðverktaki
Loftstokkahreinsun ehf
S: 893 3397
Lost.is
LP-Verk ehf.
- Byggingafélga
Lúmex ehf.
Lögfræðiskrifstofa
Tryggva Viggóssonar
Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl.
Lögfræðistofa
Reykjavíkur ehf.
Löggarður ehf.
Löggildir
Endurskoðendur ehf.
Lögmannsskrifstofan
Fortis ehf.
Lögmannsstofa Rúnars
S.Gíslasonar
Lögmál ehf.
Lögmenn Árbæ
- www./skadi.is
Lögmenn Jónas &
Jónas Þór sf.
Lögreglufélag Reykjavíkur
Lögvörn ehf.
Löndun ehf.
Mandat, lögmannsstofa
Maritech ehf.
Málarakompaníið ehf
Málarameistarar ehf.
Merking ehf.
Minjavernd
Múlakaffi
Myndhraði
Mæðrastyrksnefnd
Reykjavíkur
Nesdekk ehf.
Nesradíó ehf.
Nexus
Neyðarþjónustan ehf
Nortek ehf.
Nýi ökuskólinn ehf.

Nýja sendibílastöðin hf.
Næsti bar
Ottó auglýsingastofa ehf.
Ósal ehf.
P og Ó hf. auglýsingastofa
Papyrus-innrömmun ehf
PG Þjónusta ehf.
Pixel Prentþjónusta ehf.
Pípulagnaverktakar ehf.
Plastco hf.
Plúsmarkaðurinn
Hátúni 10b ehf.
Poulsen ehf.
Prikið
Profilstál ehf.
Protak ehf.
Raffélagið ehf.
Rafloft ehf.
Rafsvið sf.
Rafvörn ehf
Rannsóknarþjónustan
Sýni hf.
Rannsóknastofa
í lyfja-og eiturefnafræði H.Í.
Ráðgjafar ehf.
Reikniver ehf.
Rekstrarfélagið Kringlan
Reykjavíkur Apótek
Reykjavíkurborg
Réttur ehf.
- Adalsteinsson & Partners
Rikki Chan ehf
Rizzo Pizzeria ehf.
Ríkislögreglustjórinn
Ríkissaksóknari
Samhugur ehf.
Samsýn ehf.
Sandra María Steinarsdóttir
- Polanska slf.
Securitas hf.
Seðlabanki Íslands
Sendibílar
og hraðþjónusta ehf.
Sigmundur Hannesson hrl.
Sigurjónsson & Thor ehf.
Sjálfstæðisflokkurinn
SKALLI
Skarthúsið
Skeljungur hf.
Skerjaver ehf.

Skolphreinsun Ásgeirs
Skorri ehf.
Skóvinnustofa Halldórs
Guðbjörnssonar
Skýrr hf.
SM Kvótaþing ehf.
Smith & Norland hf.
Smurstöðin Klöpp ehf.
Snæland Grímsson ehf.
Hópferðabílar
Sportbarinn ehf.
Stálbyggingar ehf.
Studio Hallgerður
Suzuki bílar hf.
Svarta kaffið
- Kaffibaunin ehf.
Sævörur ehf.
Talnakönnun
Tannlæknast. Birgis
Dagfinnssonar ehf.
Tannlæknastofa Björns
Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Ingólfs
Eldjárn
Tannlæknastofa Ingunnar
M. Friðleifsdóttur
Tannlækningastofa
Friðleifs Stefánssonar
Tannsmíðastofa Kristins
Sigmarssonar
Tarzan ehf
TGM Ráðgjöf
Thai matstofan ehf.
Tímaritið Lifandi Vísindi -
Elísa Guðrún ehf.
Tjónamat og skoðun ehf.
Tollstjórinn í Reykjavík
Tónastöðin ehf.
TREX
Hópferðamiðstöðin ehf.
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Túnþökuþjónustan ehf.
Tækni ehf.
Tösku- og hanskabúðin hf.
Ull og Gjafavörur
Varahlutaverslunin
Kistufell ehf.
Varðan ehf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
VDO - verkstæði ehf.

Veggsport ehf.
Veiðikortið.is
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingahúsið Carúsó
Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Veitingahúsið Lauga-ás
Verðlistinn v/Laugalæk
Verk-Co ehf.
Verkfræðistofan VIK ehf.
Verkfærasalan ehf.
Vernd - Fangahjálp .
Verslunin
Fríða frænka ehf.
Verslunin Rangá sf.
Vélar og verkfæri ehf.
Vélvík ehf.
Vinnufatabúðin
Vífilfell hf.
Víking-hús ehf.
Víkur-ós ehf.
Vínberið
VR
VT Þjónustan ehf.
Wilsons Pizza ehf.
www.icelandcongress.is
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Ögurvík hf.

## Seltjarnarnes

About Fish Íslandi ehf.
Galdrastál ehf.
Innrömmun Guðmundar
Nesskip hf.
Tannlæknastofa
Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Vogar
Café Blue - Blátt ehf

## Kópavogur

A P Varahlutir - Verslun ehf.
Allt mögulegt ehf.
Allt-af ehf.
AMG Aukaraf ehf.
Arinsmíði A-Ö
- Jón Eldon Logason
Arnardalur sf.
Arnarverk ehf.
Ásborg sf.

# Handtökutækni séð með augum Norðmanna

**Í september sl. komu til landsins norskir valdbeitingarþjálfarar til að kenna á símenntunarnámskeiði í Lögregluskóla ríkisins fyrir íslenska valdbeitingarþjálfara. Af því tilefni þótti greinarhöfundum kjörið tækifæri til að fá nánari upplýsingar um hvernig væri háttað valdbeitingarþjálfun norskra lögreglumanna. Rætt var við forsvarsmann norska hópsins en hann heitir Anders Lohne-Lie og er lektor við norska lögregluskólann.[1]**

### *Skipulagið í dag – forsagan.*

Anders sagði þá hafa frá árinu 2006 unnið eftir því kerfi sem þeir hafa í dag. Það hafa auðvitað verið gerðar nokkrar smávægilegar breytingar á þessum tíma en grundvallarbreytingin er frá 2006. Fram að þeim tímapunkti voru kenndar margar mismunandi aðferðir. Það leiddi til þess að nemendurnir þekktu til margra aðferða en í raun enga þeirra vel. Æfingarnar voru undir áhrifum frá júdóþjálfun og nemendur voru klæddir í júdóbúninga. Mikil áhersla var á tæknilega atriði og þjálfunin fór því fram án þess að viðnámi væri veitt af þeim sem handtaka átti.

Þetta leiddi til þess að lögreglumenn höfðu ekki mikla trú á tækninni, eigin getu og færni. Þeir æfðu síðan aðra framkvæmd eftir að þeir voru farnir til starfa að loknu námi. Mjög lítið samstarf var á milli skólans og embættanna á þessu sviði.

Árið 2005 var ákveðið að endurskoða námsefnið, kennsluna í skólanum og þjálfun embættanna. Tólf manna hópur leiðbeinanda ásamt kennurum skólans var settur í verkið. Í grunninn er námsefni og fyrirkomulag þjálfunar í dag byggt á vinnu hópsins.

Anders var beðinn um að lýsa nánar hvernig innleiðing nýja kerfisins hefði tekist og að greina nánar frá undirbúningi og þess.

Anders sagði að innleiðingin hefði gengið vel en fyrir því væru nokkrar mikilvægar ástæður.

**Þverfagleg nefnd á landsvísu:** Hann sagði mikilvægt að tryggja faglegt starf á þessu sviði og í því skyni hefði verið stofnuð þverfagleg nefnd með landsumboð. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hópurinn kemur fram með nýjungar, vinnur æfingaáætlanirnar o.fl.

**Gott og notendavænt kennsluefni:** Útbúin hefði verið kennslubók með handtökuæfingum sem væri mikilvægt hjálpartæki fyrir lögreglumennina til að geta æft sjálfir. Einnig var þetta í fyrsta skipti sem öllu efninu var safnað saman á einn stað. Bókin er „notendavæn“ og greinargóð. Einnig hefði verið mjög mikilvægt að norski ríkislögreglustjórinn (Politidirektoratet) mælti fyrir um að öll lögregluembættin væru skyldug til að taka upp þjálfunina þannig að formleg ákvörðun liggur fyrir um að allir eigi að nota sömu tækni og þjálfun.



*Anders Lohne-Lie, lektor við norska lögregluskólann.*

**Námsmat/ prófun í skólanum:** Eitt af því sem við breyttum var námsmat eða prófun. Fyrirkomulaginu var breytt úr staðið/fall í hefðbundið einkunnakerfi. Þetta hefur leitt til að nemarnir í grunnnámi þjálfa mun meira en áður var. Því fylgir meiri færni og trú á eigin getu. Þá er þjálfunin nær því sem gerist í raunveruleikanum, mun meira viðnám frá þeim sem handtaka á og við mismunandi aðstæður. Allar æfingar fara fram í einkennisfatnaði. Nemarnir fá einnig þjálfun meðan á starfsnáminu stendur (á öðru ári í skólanum) og það gefur möguleikann á frekari þjálfun á þriðja árinu í skólanum.

**Sérstak fag:** Áður var þetta námsþáttur í íþróttum. Eftir breytinguna hefur fagið fengið mun meira vægi.

**Þjálfun leiðbeinenda:** Lögregluskólinn hefur þjálfað allmikinn fjölda leiðbeinenda hjá öllum lögregluliðum landsins sem sjá um að halda lögreglumönnum við efnið. Þetta hefur stórbætt samstarfið milli allra þeirra sem koma að þjálfuninni. Þjálfunin tryggir sömu kennsluaðferðirnar og samfellu í starfinu að námi loknu. Leiðbeinendurnir hljóta umtalsverða þjálfun og símenntun en grunnnámskeið þeirra er átta vikna námskeið og hæfni leiðbeinendanna er mikil. Þetta hefur einnig haft þau jákvæðu áhrif að fleiri starfandi lögreglumenn hafa trú á aðferðafræðinni og gagnsemi æfinganna. Framþróun í faginu kemur frá mönnum sem þekkja best til og eru með puttann á púlsinum á þörfum lögreglumanna. Leiðbeinendur hittast reglulega og bera saman bækur sínar og þannig verða líka framfarir.

### *En gengur þetta alveg vandræðalaust?*

Anders sagði þetta alls ekki hafa gangið hnökralaust og ýmis vandamál komið upp. Dæmi væru um að erfitt sé að skapa svigrúm fyrir starfandi lögreglumenn til æfinga. Ástæðurnar geta verið ýmsar svo sem fjárhagsleg staða embættanna en einnig vegalengdir o.fl.

Einstaka leiðbeinendur eru ekki trúir fyrirkomulaginu eða aðferðarfræðinni og kenna aðferðir sem eru utan kennsluefnisins. Slíkt skapi óvissu og rugling hjá starfandi lögreglumönnum og nemum í starfsnámi.

Aðspurður hvernig gengi að fá leiðbeinendur til að taka að sér verkefni hjá embættunum sagði hann að þrátt fyrir þjálfunarátak þá hafa verið tiltekin vandkvæði með að fá lögreglumenn í leiðbeinendahlutverkið.

### *Glöggt er gests augað*

Anders var að koma í annað skipti hingað til landsins til að þjálfa á vegum Lögregluskóla ríkisins. Því var freistandi að forvitnast um hvernig hann sæi fyrir sér að framþróunin gæti orðið á Íslandi.

Hann sagði að fyrst og fremst vildi hann taka fram að þeir væru afar stoltir yfir að Ísland hafi valið það kerfi sem Norðmenn hafa þróað. Það sé afar ánægjulegt en einnig mikilvægt fyrir þá sem standa að norska kerfinu.

Í gegnum þetta samstarf núna við lögregluskólann, væri þeim ljóst að áhugi væri mikill og menn ákveðnir að innleiða aðferðarfræðina á Íslandi. Þessi áhugi hafi smitast yfir til leiðbeinendanna vítt og breitt um landið og taldi hann að það hafa skipt máli varðandi það hversu langt menn væru komnir í þessari vinnu.

**Lokaorð Andrers voru:** „Við höfum haft tækifæri á að vera viðstaddir þjálfun leiðbeinenda og sjá mjög miklar framfarir þeirra. Við teljum því að þið eigið mjög góðan möguleika á að þjálfa upp lögregluna á tiltölulega stuttum tíma ef menn leggjast á eitt í samstilltu átaki. Eins og við nefndum hér að framan þá er þessi ákvörðun ykkar mikilvæg fyrir okkur vegna þess að við teljum að sameiginleg reynsla okkar muni nýtast í frekari framþróun í faginu. Við horfum því til samstarfsins með afar jákvæðum hætti.“

---

1 Anders Lohne-Lie er annar höfundur þeirrar bókar sem notuð er við kennslu í valdbeitingu í Noregi og hér á landi. Hann hefur nýlega, í samstarfi við annan sérfræðing, lokið við rannsókn á kunnáttu og færni norskra lögreglumanna í valdbeitingu og beitingu þeirra aðferða sem kenndar og þjálfaðar eru. Um rannsóknina má lesa nánar á slóðinni: http://www.phs.no/no/om-PHS/Nyheter-og-media/Nyheter/Ikke-god-nok-kunnskap-om-arrestasjonsteknikk/

***Steinar Adolfsson / Guðmundur Ásgeirsson / Eiríkur Hreinn Helgason.***

Góa-Linda
Neyðarþjónustan 800 6666
pwc
KFC
www.kfc.is

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Átak ehf.- bílaleiga www.
atak.is
